

Borgarstjórn Reykjavíkur

5. maí 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um frestun framkvæmdaleyfis vegna áhrifa á flugbraut 06/24:

Innanríkisráðuneytið hefur með bréfi dagsettu 17. apríl sl. skorað á Reykjavíkurborg að virða gildandi skipulagsreglur og stjórnsýslumeðferð. Bent er á að uppbygging á Valsvæðinu sé óheimil með vísan til laga um loftferðir.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að framkvæmdaleyfi á svæði Valsmanna við Hlíðarenda verði dregið til baka tímabundið eða þar til þeir fyrirvarar sem ráðuneytið tilgreinir hafa verið uppfylltir en þeir eru að Samgöngustofa hafi lokið umfjöllun sinni um möguleg áhrif lokunar flugbrautar 06/24 og að verkefnastjórn um könnun á flugvallarkostum, svokölluð Rögnunefnd, hefur lokið störfum. Jafnframt er því beint til Samgöngustofu og Rögnunefndar að flýta sínum störfum.